

Fimmtánda fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Árið 2021, mánudaginn 18. Október kl. 17.00 kom Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd saman til fundar í ráðhúsi Hrunamannahrepps.

15. fundur kjörtímabilsins 2018-2022

Mættir til fundar Guðríður Eva Þórarinsdóttir formaður, Sigfríð Lárusdóttir ritari og Jón Valgeirsson sveitastjóri. Heimir Sigurðson afboðaði þátttöku.

1. Jón fer yfir fjárlög sem snúa að lýðheilsu og æskulýðsnefnd. Hann kynnir nýja gjaldskrá í tækjasal, íþróttahús og sundlaug. Árskort sem gildir í tækjasal, íþróttahús og sundlaug mun lækka töluvert og auðveldar íbúum sveitafélagsins að stunda sína líkamsrækt.
 - a. Nefndin er mjög ánægð með tillögur um lækkun á árskortum í tækjasal, íþróttahús og sundlaug og styður þá tillögu.
 - b. Nefndin vildi gjarnan sjá að á fjárlögum yrði gert ráð fyrir tómsund fyrir miðstig Flúðaskóla þar sem börn gætu haft afdrep frá skólalokum og fram að íþróttæfingum. Í sveitafélaginu er engin staður fyrir börnin að bíða eftir að íþróttæfingar hefjist eftir skóla. Það eru misjafnar heimilisaðstæður hjá börnum og ekki alltaf foreldri til staðar fyrr en eftir kl. 16.00 að keyra börnum á æfingu og því þurfa börnin að vera ein á Flúðum eða sitja í íþróttahúsinu og bíða eftir því að æfingar hefjist. Mikilvæg forvörn er í því að börnin hafi samastað og afþreyingu á meðan þau bíða eftir íþróttæfingum.
 - c. Einnig væri gaman að sjá að gert væri ráð fyrir tilraunaverkefni um morgunopnun í sundlaug. Einnig viljum við að opið sé á fimmtudögum í sundlauginni. Mikil óánægja er meðal fastagesta í sundlaug að ekki sé opið á fimmtudögum. Við teljum að við næðum að þjónusta fleiri íbúa með fjölbreyttari opnunartíma á sundlaug.

Fundi slitið kl. 18.00